

Tillaga til 470. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. febrúar 2021

Tillaga frá 1139. fundi bæjarráðs, sem fram fór 1. febrúar 2021, um að bæjarstjórn samþykki að taka þátt í samstarfsverkefni við Vestfjarðastofu um Nýsköpunarmílu Ísafjarðar.

Þá er lögð fram tillaga frá Birgi Gunnarssyni, bæjarstjóra, um að Birgir Gunnarsson, Hafðís Gunnarsdóttir og Marzellius Sveinbjörnsson, verði skipuð í stýrihóps verkefnisins, og að Heiða Jack, skipulagsfulltrúi, verði skipuð í vinnuhóp verkefnisins.

2. Nýsköpunarbærinn Ísafjörður - 2021010035

Á 1136. fundi bæjarráðs, þann 11. janúar 2021, var lagt fram erindi Línu Bjargar Tryggvadóttur, verkefnastjóra Vestfjarðastofu, dags. 21. desember 2020, þar sem óskað var samþykkis Ísafjarðarbæjar um tillagt samstarfsverkefni um Nýsköpunarmílu Ísafjarðar, auk þess sem óskað var tilnefningar þriggja fulltrúa í stýrihóp verkefnisins, eins fulltrúa í vinnuhóp og eins starfsmanns vegna framkvæmdar verkefnisins.

Bæjarráð vísaði erindinu til atvinnu- og menningarmálanefndar til umsagnar.

Atvinnu- og menningarmálanefnd tók málið fyrir á 155. fundi sínum, þann 26. janúar 2021, þar sem eftirfarandi var bókað:

„Nefndin telur þetta gott og þarft verkefni, sem vekur vonir um að efla og glæða miðbæ Ísafjarðarbæjar í nánustu framtíð. Nefndin leggur til að bæjarráð samþykki að unnið verið að frekari þróun verkefnisins með Vestfjarðastofu.“

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samstarfsverkefni við Vestfjarðastofu um Nýsköpunarmílu Ísafjarðar.

Þá felur bæjarráð bæjarstóra að vinna málið áfram með mönnun í stýrihóp og vinnuhóp, og leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar.